

Útgáfufund "Heimis":

Séra Rögnv. Pétursson, Winnipeg,
Ólafur Pétursson, ,,
Séra Guðm. Árnason, ,,

Séra Guðm. Árnason stakk upp á, að birta skuli þingtíðindin í "Heimi". Tillagan studd og samþykkt.

Séra J. P. Sólmundsson gjörði þá fyrirspurn til forseta, hvort hann áliti sig vera tilheyrandi kyrkjufélaginu. Sagðist hann talinn vera prestur í gjöðabók þingsins og hefði það engum mótmælum sætt. Nú væri um það að ræða hvort hann sé tilheyrandi kyrkjufélaginu, því ef svo væri, þá sé hann líka prestur kyrkjufélagsins, og hafi þá verið brotin lög á sér að leyfa sér ekki full þingréttindi.

Forseti kvaðst ekki geta svarað þessari spurningu. Væri sér ókunnugt um það efni er séra J. P. Sólmundsson spyrði sig að.

Uppástunga kom fram um, að slíta nú fundi og fresta þingi til kl. 7.30 e. háð. Var hún studd og samþykkt.

VI. FUNDUR.

Trúmálafundur.

Varaforseti stýrði fundi. Umræðuefni fundarins: "Trúarhorfur meðal Íslendinga". Flutti S. B. Brynjólfsson inngangs erindi.

Ræðumaður kvað trúarbrögðin meðal Íslendinga vera breytingum háð. Framþróunar lögmálið væri þar verkandi sem annarstaðar. Í æsku ræðumanns var sú skoðunin að menn álitu alt rétt er fyrri aldir höfðu kent. Húsllestur almennur, og bænur og lestrur fjölgað er óhöpp, ísar eða óþurkar báru að hendi. Magnús Eiríksson talinn eini trúarvillingarinn, en sagður þó sæmdarmaður. Almikil fyrirbrigða og hindurvítna trú. Engur hærri kröfur um siðferði gjörðar til presta en annara. Þótti kátlegt en alls ekki hneykslanlegt þótt prestar drykkju. Fram að þeim tíma er ræðumaður fluttist vestur um haf, var þetta ástand trúarbragðanna á Íslandi.

Skömmu þar á eftir fer að votta fyrir vakningu á stöku siððum. Fara að heyrast raddir andmælandi, helzt hindurvítnum og fyrirbörðum, álfar og draugatrú. Sérstaklega frá stúdentum í Kaupmannahöfn, er gjöra gaman að forneskju sögum. Fór þá fleira að seta eftirtekt og gránaði gamanið frá þessu. Fóru menn þá að tala líkt, um sumar helgi- og ritninga-sögur er sama eðlis eru og hindurvítna sagnirnar. Jókst þetta svo ár frá ári að loks varð ekki tekið upp rit að heiman að í því væri ekki áráð gjörð á presta og kenningar kyrkjunnar.

Eftir nokkurn tíma vakna þó mótmæli gegn þessari nýju stefnu, í anda afturhvarfs stefnu sem þá er nýbyrjuð í Danmörku. Helztu forvígismenn